



Heilsuleikskólinn Álfasteinn

Hörgársveit



Grænfánaskýrsla vegna 2023 - 2024

Pema: Neysla og úrgangur – Lýðheilsa

Leikskólinn

Heilsuleikskólinn Álfasteinn er fjöggra deilda leikskóli í Hörgársveit í Eyjafirði. Náttúran umlykur skólann og gefur fjölmörg tækifæri til fjölbreyttra verkefna sem samræmast hugmyndafræði skóla á grænni grein. Leikskólinn sótti fyrst um að verða skóli á grænni grein 2007 og hlaut grænfánann 2008. Búið er að vinna fjölmörg verkefni í kringum grænfánann yfir þessi ár og eru mörg þeirra orðin fastur liður í starfi skólans.

1 Umhverfisnefnd

Laugardaginn 30. september 2023 voru nýjustu viðbyggingar leikskólans vígðar. Þar með er leikskólinn eins og áður segir orðinn fjöggra deilda og starfsfólki hefur fjölgað. Í umhverfisnefnd leikskólans er einn fulltrúi starfsfólks frá hverri deild auk matráðs og tvö börn úr elsta árgangi leikskólans. Leikskólastjóri skipaði fulltrúa starfsfólks í nefndina en allt starfsfólk (sjá fulltrúar starfsfólks) nefndarinnar er nýtt starfsfólk leikskólans nema Kristín. Elísabet þekkir grænfánastarf frá Tálknafjarðarskóla. Kennarar á tveimur elstu deildunum tilnefndu tvö börn í nefndina, þeim var boðið að vera með og samþykktu það. Fundir nefndarinnar voru settir upp fyrir veturinn af leikskólastjóra og voru þrír fundir á haustönn og tveir á vorönn. Auk þess fór umhverfisnefndin á landshlutfund grænfánans á Stórutjörnum 23. apríl 2024.

Börn á tveimur eldri deildunum skiptast á viku í senn að vera flokkunarstjórar. Hlutverk þeirra er að sjá um að allt endurvinnsluefni fari í rétta dalla/kassa og tæma dallana/kassana í þar til gerðar tunnur úti.

Í umhverfisnefnd 2023 – 2024 sátu:

Fulltrúar starfsfólks: Elísabet leikskólakennari, Fanney leiðbeinandi, Jelena leikskólakennari, Kristín leikskólakennari og Borghildur matráður.

Fulltrúar barna: Baldur og Jóhann Máni.

Fundir grænfánanefndar hafa farið fram í einu af fundarrými skólans og málin rædd. Á fundum er komið með hugmyndir að þeim, rætt um hvernig verkefnum miðaðar áfram, hvort eitthvað megi bæta auk þess sem teknar eru ákvarðanir um næstu skref. Eftir hvern

fund er fundargerðin sett inn á sameign skólans og aðgengileg öllum. Fundargerðin er prentuð út og sett inn á allar deildir, allt starfsfólk kvittar fyrir að hafa lesið fundargerðina.

Helstu ákvarðanir umhverfisnefndar fyrir veturinn 2023 – 2024 voru:

- Að hafa fá þemu og markmið þar sem nefndin er skipuð nýju starfsfólki.
- Að velja þemu fyrir veturinn.
- Að allar deildir vinni að sama þema og hafi sömu markmið.
- Útbúa markmið fyrir allar deildir leikskólans og nota markmiðasetningarlað. Allir starfsmenn taki þátt í þeim verkefnum sem lögð eru fyrir en leyfilegt er að aðlaga markmiðin og breyta ef þess þarf.
- Umhverfisnefndin metur hvernig þemavinnan gengur út frá markmiðasetningarlaði.
- Finna fleiri leiðir til að kynna grænfánastarfið út á við
- Skipuleggja starf fyrir veturinn 2024 – 2026



Flokkunarstjóri

2 Mat á stöðu umhverfismála

Á fyrsta fundi umhverfisnefndar voru þemu vetrarins 2023 – 2024 valin og ákveðið að allur leikskólinn ynni saman að þessum þemum. Sammælt var um að gefa öllu starfsfólki leikskólans og öllum börnum á tveimur eldri deildum leikskólans kost á að kjósa á milli tveggja þema á hvorri önn. Á haustönn var kosið á milli matarsóunar og hreyfingar og varð matarsóun fyrir valinu. Á vorönn var kosið á milli útiveru og jóga – núvitund og varð jóga – núvitund fyrir valinu. Við mat á stöðu mála var gátlisti fyrir neyslu og úrgang fyrir leikskóla fylltur út. Fyrir lýðheilsu var gátlisti fyrir leikskóla og yngsta stig fylltur út. Gátlistarnir voru fylltir út eftir kosningu á þema og áður en þemavinna hófst. Tveir elstu árgangarnir á tveimur elstu deildunum sáu um að fylla út gátlistana með kennurum. Niðurstöðunum var deilt með tveimur yngri deildunum, stjórnendum og eldhúsi. Með því að fylla út gátlista fæst góð yfirsýn yfir grænfánastarf skólans en heilt yfir komu gátlistarnir vel út, broskallar við flest allar spurningarnar. Segja má að þemun sem valin voru hafi hafi verið góð viðbót við starf leikskólans tengt heilsustefnunni og grænfánastarfinu.



Kosning um þema

3 Aðgerðaáætlun og markmið

Þar sem öll í umhverfisnefndinni eru nýtt starfsfólk leikskólans nema Kristín var ákveðið að halda áfram með neyslu og úrgang og bæta lýðheilsu við. Til að setja upp markmið var notast við markmiðasetningablað. Umhverfisnefndin fyllti út Markmiðasetningablað fyrir hvort þema sem fór inn á hverja deild og er líka geymt á sameign leikskólans í tölvu. Auk þess var sett upp ýtarlegri áætlun sem heitir: Verkefni sem tengjast grænfánastarfi

Þemu, hvað gerum við og áætlun um markmið sem fór líka inn á allar deildir. Hver hópstjóri fór yfir markmiðin og hvað ætti að gera með barnahópnum sínum. Markmiðasetningablöðin voru líka send í tölvupósti til deildarstjóra og stjórnenda.




Foreldrar fá upplýsingar um grænfánastarfið í vikupóstum.

A. Neysla og úrgangur: Matarsóun

Árin 2019 – 2021 var eins og áður segir þemað neysla og úrgangur. Leikskólinn hefur markvisst unnið að því að takmarka neyslu og úrgang og í dag er það sjálfsagður hluti af leikskólastarfinu en alltaf má gera betur. Afgangsmatur er nýttur í aðra rétti eins og soðinn fiskur í plockfisk, grænmeti og kjöt sett í pottrétti/súpur eða lasagna. Starfsfólki stendur til boða að taka afgangsmat með heim og einnig er settur matur í frískáp inni á Akureyri. Afgangar af brauði, afskurður af grænmeti, ávöxtum og sóaður matur er gefinn hænum og kindum. Við búum svo vel að vera í Hörgársveit og getum keypt matvæli úr nærumhverfi eins og kjöt, fisk og oft grænmeti sem þýðir minni umbúðir heldur en ef vörurnar kæmu lengra frá. Allt rusl er flokkað og eru litlar tunnur inni í rýmum fyrir úrgang sem ekki er hægt að flokka. Leikskólinn notar til dæmis fjölnota poka undir blaut föt, fjölnota klúta sem eru saumaðir úr óskilahandklæðum frá Þelamörk og afgangsplastpoka undir bleiur. Pappír, plast, málmur og gler er eins og hægt er notað í skapandi starf og það sem ekki er nýtanlegt er flokkað. Ný nefnd ákvað að einskorða sig við matarsóun til að byrja með en áður í þemanu neysla og úrgangur, hafði eldri deild, sem var með börn á aldrinum þriggja til sex ára, unnið með það markmið að minnka matarsóun og voru þá matarleifarnar vigtaðar yfir ákveðin tímabil og haldin skráning. Ný nefnd ákvað að gera

það sama nema láta allar deildir vigta sóaðan mat, mat sem skammtaður var á diskka og ekki borðaður, og halda skráningu yfir það.



Skrá niður sóun á mat

B. Jóga – núvitund

Börnin í leikskólanum fá töluverða hreyfingu, fara amk einu sinni út á dag, oftast tvisvar, stundum þrisvar og einu sinni í viku er útiskóli. Skipulagðar hreyfistundir eru í íþróttasal einu sinni í viku fyrir utan það að í boði er að nota salinn oft. Því er einkar ánægjulegt að geta bætt jóga – núvitund við starf leikskólans. Við erum svo heppin að hafa leikskólakennarann Halldóru í leikskólanum sem er líka jógakennari og var hún umhverfisnefndinni innan handar og lét umhverfisnefndina hafa fagbækur og prentaði út myndir af jógastöðum sem höfðu spennandi nöfn og yfirheiti eins og ofurhetju-jóga, haf-jóga, náttúru-jóga og róandi-jóga. Myndirnar voru festar upp á vegg inni á deildum og í sal auk þess að vera settar á gólf. Á morgnana er sameiginleg samvera barna á hverri deild og voru gerðar tvær til þrjár jógastöður á hverjum morgni. Í íþróttatíma í sal einu sinni í viku voru líka gerðar tvær til þrjár jógastöður. Í lok hvers íþróttatíma voru gerðar núvitundaræfingar og alltaf í lok samveru á föstudagsmorgnum. Núvitundaræfingarnar voru í formi öndunaræfinga, slökunar með sögum og möntrur með hreyfingum. Yngsta deildin bætti við að kenna börnunum heiti á líkamspörtum og hugtökin upp og niður.

4 Eftirlit og endurmat

Umhverfisnefndin sinnti eftirliti umhverfis- og þemastarfs og fór yfir málin á fundum nefndarinnar og í ófromlegu spjalli inn á milli. Þar sem hver deild á fulltrúa í nefndinni ber hann ábyrgð á að allir á deildinni hjálpist að og séu ábyrgir fyrir að starfinu sé fylgt eftir og markmið náist.

Börnin í nefndinni sáu um kosningu þema með kennara og fengu það hlutverk að segja börnunum á tveimur eldri deildunum frá gátlistum fyrir umhvefismat áður en þeir voru fylltir út og aðstoða kennara og börn við útfyllingu gátlistanna. Þar sem umhverfisnefndin var að stíga sín fyrstu skref saman komu gátlistarnir og markmiðasetningablöðin sér einkar vel bæði til að komast að niðurstöðu um hvað er vel gert og hvað betur megi fara. Umhverfisnefndin metur það svo, að vel hafi gengið að fylgja eftir þeim markmiðum sem sett voru fyrir veturinn 2023 – 2024.


5 Námsefni og námskrá

Bæði þemum sem unnið var með veturinn 2023 – 2024 er hægt að tengja við grunnþætti menntunar samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011). Börnin á eldri deildunum tveimur tóku ívið meiri þátt í þemanu á haustönn þar sem sóuðum mat var safnað saman og vigtaður. Það var aðallega vegna þess að umhverfisnefndin var ný og vinna fór seint af stað. Sóaður matur var vigtaður í eina viku tvisvar á haustönn. Matseðill var sambærilegur báðar vikurnar. Börnin á eldri deildunum tveimur sáu um vigtun og skráningu og settu sounina upp myndrænt. Kennarar á næst yngstu deildinni sá um vigtun og skráningu þar. Kennarar á yngstu deildinni skráði uniður myndrænt sóaðan mat sem fór á gólfið. Mörg barnanna á tveimur eldri deildunum urðu meðvitaðri um að skammta hæfilega á diskana



Í seinni vikunni og fá sér frekar aftur. Verkefnið gekk mjög vel og minnkaði sóun á mat í seinni vigtun um rúmt 1.2 kíló. Börnin eru almennt meðvituð um að sóaður matur er settur í sér dalla þar sem þau ganga sjálf frá diskum sínum. Þau vita jafnframt að hænur og kindur fá sóaðan mat, afskurð af grænmeti, ávöxtum og brauði. Verkefnið tókst vel og er áhugi á að gera þetta aftur til að halda starfsfólki og börnum meðvituðum um matarsóun. Börnin voru mjög spennt fyrir þessu. Einnig heyrst enn þegar þau skammta sér á diska þetta er hæfilegt eða er þetta hæfilegt?

Á meðan matarsóunar- þemanu stóð fóru börnin á næst yngstu deildinni að velta fyrir sér hvað þýðir að vera saddur og hvenær við erum södd. Kennarar deildarinnar ræddu við börnin um mat, hversu mikið maður borðar og almennt um meltingarveginn til þess að gera börnunum betur ljóst hvernig allt þetta virkar. Það myndaðist rosalegur áhugi á líkamanum og meltingarveginum. Verkefnavinnan þróaðist gríðarlega og útbjuggu börnin fjóra líkama. Einn líkaminn innihélt myndir af líffærum, annar af beinagrindinni, þriðji var með vöðvunum og sá fjórði æðakerfinu. Börnin röðuðu sjálf myndunum á líkamann, eins og þau héldu að hann væri. Þá var rætt hvaða áhrif maturinn hefur á alla þessa ofangreindu þætti. Jafnframt var einnig rætt um að sumt fólk fái ekki nægan mat og því er mikilvægt að við þössum að henda ekki matnum og fá okkur einungis það á diskinn sem við ætlum að borða.



Á vorönn í jóga – núvitund fengu öll börn að taka þátt í að velja jógastöður. Í byrjun innleiddu kennarar jógastöður og núvitundaræfingar í samveru og íþróttatíma. Í íþróttasal voru settar upp myndir af jógaæfingum og inni á deildum voru límdar myndir af jógastöðum á gólfíð. Börnin fengu svo að velja jógastöður til að gera í samveru og íþróttatímum. Þetta leyddi til þess að börnin voru sjálf farin að gera stöðurnar þegar þeim datt í hug. Í frjálsum leik og víða um leikskólann má enn heyra þau kyrja Om og syngja möntrur.

Önnur verkefni sem unnin voru og tengdust ekki beint grænfánapemunum okkar voru verkefni um geiminn sem unnið var á haustönn en í skapandi starfi því tengdu var notað blöð, pappír, plast og málm sem féll til. Jólagaþing til foreldra voru búnar til úr endurunnu efni eins og krukum. Í verkefninu um hafið á vorönn var notaður endurunninn efniviður og afgangsefni í sköpun, eins og pappír, netadræsur, flot og plast. Börnin voru frædd um hafið og lífríki þess, fæðukeðju ljóstillífun og mikilvægi þess að halda hafinu hreinu.

Börnin á næst yngstu deildinni unnu einnig verkefni um árstíðir sem leiddi til aukins áhuga á jörðinni og hvað hún getur boðið upp á. Það vaknaði sérstakur áhugi á moldinni og kennarar deildarinnar gripu tækifærið til þess að fræða börnin um moldina, ræktun og lífverurnar sem búa í moldinni. Börnin lærðu um hvaða grænmeti vex ofan í jörðinni og einnig hvaða matur vex ofan á jörðinni. Þetta leiddi til nánari umræðu um fræ, hvernig fræin verða að plöntum og byrja að stækka. Börnin öðluðust þá þekkingu á því hvað þarf til þess að plönturnar stækki og dafni og verði að blómum eða grænmeti. Við þessa vinnu lærðu þau ekki einungis um fræ eða moldina heldur einnig víkkaði orðaforðinn og þekkingin á uppruna planta og grænmetis. Sem og ljóstillífun plantna. Með þessu lögðu kennarar deildarinnar grunn að sjálfbærni. Kennararnir nýttu tækifærið til þess að efla þekkingu barnanna á ræktun, jörðinni og vexti plantna. Þetta er allt grundvöllur að áframhaldandi sjálfbærnimenntun.



Verkefni um grænmeti

6 Upplýsa og fá aðra með

Foreldrar fá upplýsingar um grænánastarfið í vikulegum fréttapóstum.

Sveitarfélagið Hörgársveit auglýsir á heimasíðu sinni horgarsveit.is þegar skólar sveitarfélagsins fá grænánann afhentan og í skólustefnu sveitarfélagsins kemur fram að unnið sé eftir hugmyndafræði skóla á grænni grein. Fyrir jólin 2023 bjuggu börnin í leikskólanum til þakkarkort fyrir fyrirtæki sem verslað er við í sveitarfélaginu. Einnig gerðu börnin kort og fóru með í póstkassa í nágrennabyggðarlaginu.

Umhverfisnefndinni langar til að kynna grænánastarfið meira út á við og hefur það á áætlun fyrir næsta vetur.

7 Umhverfissáttmálinn

Umhverfissáttmáli Álfasteins hefur verið óbreyttur frá upphafi en komið hefur til tals að bæta við og uppfæra hann en sú vinna færi þá fram í haust. Segja má að að börn, starfsfólk leikskólans og foreldrafélag hafi tekið þátt í og unnið að margvíslegri vinnu og viðburðum tengt umhverfismálum í vetur.



Umhverfissáttmálinn

Í nágrenni leikskólans er falleg óspillt náttúra sem leikskólinn hefur notað í leik og starfi. Nemendur leikskólans fara í útiskóla einu sinni í viku, frá miðjum ágúst fram í miðjan júní. Þar er meðal annars lögð áhersla á náttúruna og lífríki hennar, einkenni árstíðanna, veðurfar og nánasta umhverfi. Kennarar fara með börnin í gönguferðir og gefa þeim tíma fyrir frjálstan leik í náttúrunni í nágrenni leikskólans.

Börnin fá skipulagðar hreyfistundir í íþróttasal leikskólans amk einu sinni í viku auk þess að hafa aðgang að salnum oft.

Starfsfólk leikskólans tekur þátt í verkefninu Jól í skókassa á hverju ári. Í ár langar okkur að leyfa börnunum að taka þátt og kynna til dæmis fyrir þeim að börn búa við mismunandi aðstæður.

Rafmagnslaus dagur er haldinn á hverju ári.

Ævintýradagur er haldinn í nóvember þá er leikskólinn skreyttur og í skreytingarnar er notaður ýmiss efniviður sem hefur farið í endurvinnslu og börnin koma með flíkur að heiman til að búa til búninga.

Í janúar er fjölmenningsvika þar sem börnin fá að kynna ýmsum löndum og öðrum menningarheimum.

Barnfundir eru haldnir vikulega á þeim er lögð áhersla á að efla tilfinningalega og félagslega færni, lausnaleit, gagnrýna hugsun, samkennd og að leggja fram hugmyndir.

Foreldrafélag leikskólans heldur tombólu 31. maí þar sem foreldrar geta komið með notaðar bækur og leikföng að heiman og börnin þannig fengið nýtt dót.

Starfsfólk leikskólans tekur þátt í hjólað í vinnuna.

Lokaorð

Það er eðli barna að undrast og til að viðhalda þeim eiginleika þurfum við að búa börnunum sem fjölbreyttustu skilyrði til náms. Náttúran í öllum sínum fjölbreytileika er tilvalin námsleið. Í henni skapast tækifæri til að kenna börnunum að bera virðingu fyrir náttúrunni um leið og þau upplifa, njóta og undrast. Undirstaða sjálfbærrar þróunar í leikskóla er að börn læri að þykja vænt um hvert annað, umhverfi sitt og náttúru.

Umhverfisnefnd telur að leikskólinn hafi veitt öllum börnum fjölbreytt tækifæri til náms og náð að ýta undir markmið Grænfánans. Börnin eru komin með mjög góðan grunn og getu til að takast á við málefni sjálfbærrar þróunar. Börnin hafa verið virk í umhverfis- og sjálfbærnimálum síðastliðið ár. Þau hafa myndað eigin hugmyndir og skoðanir um umhverfis og sjálfbærnimál. Jafnframt hafa þau eflst í gagnrýninni hugsun, sköpun og samfélagskennd í gegnum verkefnin sem var unnið að í haust og vor.

Þrátt fyrir að veturinn hafi verið mjög krefjandi og lærdómsríkur fyrir nýja umhverfisnefnd hjálpar það okkur að ná að meta betur hvernig framhaldið getur orðið. Ákveðið var fyrir næsta tímabil, að bæta við fleiri börnum í umhverfisnefndina og gefa röddum þeirra meira vægi. Umhverfisnefndin telur líka að betra sé að hafa einn úr nefndinni sem verkefnastjóra yfir grænfánastarfinu. Við teljum þó að starfið skili sér til barna og starfsfólks en höfum líka rætt um að dreifa boðskapnum okkar meira út í samfélagið og gera starfið okkar enn sýnilegra.